

Laxá í Laxárdal

Samantekt á störfum árnefndar 2022


Í árnefnd fyrir Laxá í Laxárdal eru:

Hrafn Ágústsson, formaður, Ásgeir H. Steingrímsson, Helga Gísladóttir, Ingólfur Jóhannesson, Magnús Björnsson, Margrét Sverrisdóttir, Mördur Áslaugarson, Ólafur Ágúst Haraldsson, Snorri Petersen, Sigurður Örn Arnarson, Valdimar Hilmarsson og Örn Viðar Skúlason.



Árnefndin hefur verið virk og átt góða umræðu- og vinnufundi um stöðu mála í Laxárdal og þau verkefni sem nefndin telur mikilvægt að unnið sé að til að bæta upplifun og árangur veiðimanna. Að jafnaði hefur nefndin átt nokkra fundi að vori um þau verkefni sem fram undan eru, farið í vinnuferð í Laxárdal í lok ágúst og átt góðan lokafund að hausti.

Stutt samantekt á helstu veiðitölum



Urriði árið 2022:

Veiði á urriða var 13% meiri árið 2022 samanborið við árið 2021 og hefur veiðin vaxið um 37% frá árinu 2020. Veiði urriða árið 2022 var 870 fiskar. Meðalstærð aflans var 58,5 cm, en 85% þeirra voru stærri en 50 cm og 62% stærri 60 cm. 26 fiskar eða um 3% aflans var yfir 70 cm að stærð og var stærsti fiskurinn 75 cm.

	Veiði	Meðalstærð	50 cm +	60 cm +	70 cm +	Stærst
Urriði	870	58,5 cm	741	542	26	75 cm
			85%	62%	3%	

Samkvæmt korti eru um 123 tilgreindir veiðistaðir í Laxá í Laxárdal, 57 þeirra austan megin við ána og 66 vestan megin við hana. Þessu til viðbótar eru svo vitanlega fjöldi ómerktra veiðastaða beggja vegna árinna. Samkvæmt veiðibók fyrir árið 2022 veiddust fiskar í 77 merktum veiðistöðum. Á 33 þeirra eða um 43% veiddust 5 fiskar eða færri. Um 50% veiðinnar veiddist á 13 gjöfulustu stöðunum, en þar veiddust að jafnaði 3 - 5% aflans eða 26 - 43 fiskar á hverjum stað. Það er ánægjulegt að á engum einum veiðistað í Laxárdal veiðist áberandi mikið hlutfall aflans, eins og oft sést í stangveiðinni. Þá veiddist um 80% aflans á 30 veiðistöðum.

	Veiðistaður	Fjöldi	Hlutf.		Veiðistaður	Fjöldi	Hlutf.
1	Djúpidráttur - Austur	43	4,9%	16	Kletthólmi	22	2,5%
2	Varastaðahólmi	40	4,6%	17	Slátta	22	2,5%
3	Beygjan	38	4,4%	18	Sog - Austur	21	2,4%
4	Bárnavík	37	4,3%	19	Miðbakkaneft	19	2,2%
5	Halldórstaðarhólmar	36	4,1%	20	Slæðan - Austur	18	2,1%
6	Geitarneft	33	3,8%	21	Slæðan - Vestur	16	1,8%
7	Ferjuflói - Vestur	32	3,7%	22	Arnarbæli	15	1,7%
8	Árgilssstaðafloi - Vestur	30	3,4%	23	Grjótabakki	14	1,6%
9	Ferjuflói - Austur	30	3,4%	24	Pollnes	13	1,5%
10	Sog - Vestur	30	3,4%	25	Pollhvammur	12	1,4%
11	Árgilssstaðafloi - Austur	29	3,3%	26	Helley	10	1,1%
12	Nauteyri	27	3,1%	27	Kringla	10	1,1%
13	Nónvík	26	3,0%	28	Jóelsbakkar	9	1,0%
14	Auðnahólmi	23	2,6%	29	Þrípollar	9	1,0%
15	Djúpidráttur - Vestur	23	2,6%	30	Atlavík	8	0,9%

Ólíkt veiðistöðum er ein fluga, Pheasant Tail áberandi fengsælust í Laxárdal, en á hana eru skráðir rúmur þriðjungur veiðinnar eða 305 fiskar. Töluvert fyrir neðan kemur svo Squirmy með 116 fiska og 13% aflans og Moppan með 45 fiska eða 5%. Straumflugurnar Black Ghost og Rektor koma svo með samtals 13% aflans og þurrflugurnar Galdralöpp og Caddis með 7%.

	Fluga / heiti	Fjöldi	Hlutf.	
1	Pheasant Tail	305	35%	48%
2	Squirmy Wormy	116	13%	
3	Black Ghost	81	9%	
4	Moppan (mop fly)	45	5%	
5	Rektor	37	4%	81%
6	Galdralöpp	26	3%	
7	Púpa	26	3%	
8	Caddis	39	4%	
9	Krókurinn	18	2%	
10	Klinkhammer	15	2%	

Bleikja árið 2022

Töluvert fleiri bleikjur veiddust árið 2022 en árin á undan skv. veiðibók eða rúmlega tvöfalt fleiri en árið 2021. Veiði bleikju árið 2022 var 71 fiskur. Meðalstærð þeirra var 51 cm, en 76% þeirra var yfir 50 cm að stærð og tvær yfir 60 cm, en stærsta bleikjan var 63 cm að stærð.

	Veiði	Meðalstærð	50 cm +	60 cm +	70 cm +	Stærst
Bleikja	71	51 cm	54	2	0	63 cm
			76%	3%		

Nónvík var lang gjöfúlasti veiðistaður bleikju en þar veiddust tæp 40% veiðinnar og veiddust um 55% bleikjunnar á Pheasant Tail.


Veiðistaður	Fjöldi	Hlutfall	Fluga / heiti	Fjöldi	Hlutfall
Nónvík	27	38%	Pheasant Tail	39	55%
Nauteyri	7	10%	Black Ghost	11	15%
Halldórstaðarhólmar	5	7%	Krókurinn	6	8%
Djúpidráttur - Vestur	4	6%	Moppan (mop fly)	5	7%
Aðrir	28	39%	Annað	10	14%

Helstu verkefni árnefndar

Lagfæring skilta

Viðhald á skiltum er eilífðarverkefni sem verður að vera í stöðugri vinnslu. Skiltin þjóna helst þeim tilgangi að hjálpa veiðimönnum að finna ákveðin svæði frekar en að benda á einstaka veiðistaði, því oftast er ekki mikill fjöldi veiðistaða innan staðsetningar sem skilti bendir á.

Mestu skiptir að skiltin hjálpi veiðimönnum að staðsetja sig miðað við kort af ánni en þau hafa nýlega verið uppfærð og ætti samspil skilta og korta að hjálpa veiðimönnum að rata um ánni. Árnefndin hefur skipt út skiltum og lagað önnur ásamt því að breyta staðsetningum til að reyna að einfalda veiðimönnum að komast leiðar sinnar í Laxárdalnum.



Uppfært stækkað kort af ánni í veiðihúsið

Eitt af stóru verkefnum árnefndarinnar var að uppfæra og endurgera glæsilegt kort af Laxárdalnum sem var unnið úr myndum frá gervitunglum, IS50V gagnagrunni frá Landmælingum Íslands og upplýsingum um veiðistaði og slóða frá staðkunnugum. Þarna var vandað til verka bæði hvað varðar veiðistaði og slóða sem liggja að ánni.

Árnefndin taldi að helsta hindrun veiðimanna sem eru ókunnir staðhættum væri óljósar merkingar slóða og akstursleiða. Kortin hanga á vegg í veiðihúsinu og eru einnig aðgengilega á vef SVFR en þau hafa reynst sérstaklega vel og eru mikið notuð af veiðimönnum og leiðsögumönnum í dalnum.





Caddis holl SVFR lykill að þjálfun nýrra veiðimanna

Þó Caddis holl SVFR séu ekki hluti af beinu starfi árnefndar heldur á ábyrgð þeirra bræðra Hrafns og Óla, er ljóst að þessi holl hafa lagt mikilvægan grunn að upplifun bæði nýrra og reyndari veiðimanna við Laxá í Laxárdal.

Það að næla í fisk í Laxárdal er ekki sjálfgefið, en um leið lykillinn að því að veiðimenn upplifi svæðið á jákvæðan hátt og verði reglulegir gestir í dalnum.

Þær leiðbeiningar og sú natni sem veiðimenn njóta í Caddis hollum hefur verið lykillinn að fyrsta fisk fjölmargra veiðimann og gefið reyndari veiðimönnum færi á að bæti innsýn og árangur sinn í dalnum.

Það þekkjast því miður of mörg dæmi um veiðimenn sem mæta á svæðið einir og án leiðbeininga, berja vatnið í þrjá daga án árangurs og koma svo aldrei aftur á svæðið.



Matarboð fyrir landeigendur

Árnefnd stóð fyrir sérstöku matarboði fyrir landeigendur og þeirra fulltrúa í vinnuferð nefndarinnar í lok ágúst. Árnefndin naut stuðnings SVFR við undirbúninginn og kostun aðfanga og mætti formaður SVFR sérstaklega í Laxárdalinn til að verða með í viðburðinum. Góð mæting var og mynduðust skemmtilegar umræður um stöðu og framgang stangveiði í Laxárdal. Landeigendur fræddu nefndarmenn um sögu Laxárdals og skipst var á nokkrum skemmtisögum þegar á leið.

Það var mat bæði landeigenda og nefndarmanna að vel hafi tekist til og að viðburður sem þessi sé mikilvægur til að efla samskipti og samstarf SVFR, landeigenda og árnefndar.


Veiðibók og Angling IQ

Að hvatningu árnefndar og SVFR var ákveðið að færa veiðibæk-ur fyrir Laxá í Laxárdal inn í vef- og app þjónustu Angling IQ og eru þær því rafrænar. Þannig geta þeir sem hafa áhuga á að fylgjast með veiðinni frá degi til dags, skráð sig inn og fylgst með daglegum skráningum á veiði í Laxá, séð hver staðan er, hvaða hylur er að gefa mest og hvaða flugur virka best. Stærstu fiskarnir eru á sínum stað og öll skráning er nákvæmari.

Angling IQ er í raun líka miðill þar sem veiðimenn geta haldið utan um sína persónulegu veiðisögu, skráð fiska með myndum og öllum upplýsingum um fiskinn sem þeir veiða s.s. veiðistað, agn og margt fleira.

Hafrannsóknarstofnun hefur nú opnað fyrir rafræna skráningu og mun hin hefðbundna skráning í veiðibækur leggjast af nema í undantekningar-tilfellum þar sem rafrænni skráningu verður ekki viðkomandi. Gögnin frá Angling IQ færast í gagnagrunn stofnunarinnar þar sem þau eru varðveitt og hægt er að skoða ýmsa tölfræði.

Þetta er frábær nýjung og bætir upplýsingamiðlun til veiðimanna mikið.



Samantekt á ástandi og þörfum á úrbótum í vegamálum í Laxárdal

Þó aðgengi að veiðistöðum við Laxá sé almennt séð nokkuð gott, mætti bæta það enn frekar á nokkrum afmörkuðum stöðum. Í ljósi þess að gott aðgengi veiðimanna er einn lykilþáttur í ánægju og upplifun þeirra á svæðinu ákvað árnefnd að taka saman stutt yfirlit á ástandi vegslóða og draga fram þá slóða sem gott væri að lagfæra.

Á yfirlitsmyndinni hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær umbætur sem annaðhvort mikilvægt er að gera (merkt með rauðu) eða gott væri að lagfæra (merkt með gulu).

Heildstætt yfirlit yfir ástand og þörf á úrbótum með kortum fylgir sem fylgirit með þessari skýrslu.



Vegir og slóðar:

- Almennt í lagi:
- Þarfnast lagfæringa:
- Mikilvægt að ráðast í lagfæringar:

Grænt
Gult
Rautt

<u>Austurbakkinn</u>	<u>Vesturbakkinn</u>
Svæði 1 Presthólmi – Laugaeyjar/ Presthvammslaug Kafli við Heygarðsnes (Drullupittur) Laugarbakki – Presthólmi	Svæði 4 Bílastæði við veg til að bæta aðgengi að Birningsstaðaflóa
Svæði 2 Geitanef Grótbakki Bárnavík (loka fyrir akstur niður að ánni)	Svæði 5 Við Halldórsstaðahólma þ.e. frá Sláttur - Birningsstaðaei Þverárhólmar / Pollnestá
Svæði 3 Ljótstaðabakki – Vaðpollur Vaðpollur - Nónvík	Svæði 6 Hagabakki / Auðnahólmi Ljótstaðir - Varastaðahólmi

Samantekt á ástandi skilta við vegi og veiðistaði í Laxárdal

Eins og fram kemur hér að ofan hefur árnefnd lagt þó nokkra vinnu í lagfæringu á skiltum í Laxárdal. Til að bæta um betur lagðist árnefnd í samantekt á ástandi skilta og lagði mat á það hvar væri mikilvægt að bæta merkingar, annað hvort við veg eða við veiðistaði. Samkvæmt veiðikorti eru um 123 tilgreindir veiðistaðir í Laxá í Laxárdal, 57 þeirra austan megin við ána og 66 vestan megin við hana.



Meðfylgjandi yfirlit hér að neðan sýnir hvernig ákveðið var að nálgast verkefnið, þ.e. fyrst út frá staðsetningu þeirra við vegi eða veiðistað, því næst ástandi þeirra, þ.e. hvort þau séu í lagi eða þarfnist viðgerða og að lokum út frá þörfinni, þ.e. hvort bæta þyrfti við skilti eða hvort almennt sé ekki brýn þörf á skilti á viðkomandi veiðistað.

Samantekið er það mat árnefndar að gott væri að bæta við 40 skiltum annað hvort við veg eða veiðistað og að nauðsynlegt sé að lagfæri merkingar á 10 skiltum. Heildstætt yfirlit yfir ástand og þörf á úrbótum með lista yfir alla veiðistaði árinna fylgir sem fylgirit með þessari skýrslu.

Skilti í Laxárdal		Vestanmeginn				
Veiðistaður	Sv 4	Staðsetning		Ástand skilta		Þörf
		Við veg	Við á	Í lagi	Laga	Ekki þörf á skilti
Gjúfravað	Sv 4					X
Gjúfraeyri	Sv 4					X
Ytri Straumeyjarkvisi	Sv 4					X
Hólar	Sv 4					X
Þripollar	Sv 4	X			X	
Ytri-Laughvammur	Sv 4	X			X	X
Syðir Laughvammur	Sv 4	X			X	X
Bæjarpollur	Sv 4	Bæta við				X
Arnarbæli	Sv 4	Bæta við				X
Árgilsstaðflói vestan	Sv 4	X			X	
Ystibakki	Sv 4		X			
Miðbakkaneft	Sv 4		X			
Miðbakki	Sv 4	X	Bæta við	X		X
Syðstibakki	Sv 4		X	X		
Sög vestan	Sv 4		X	X		

	Í lagi	Laga	Vantar	Ekki þörf á skilti
Austan megin	19	4	17	22
Vestan megin	25	6	23	19
Samtals	44	10	40	41

Undirbúningur að umsókn til Fiskræktarsjóðs

Það sem hefur verið rannsakað varðandi lífssögu urriðans í Laxá og lífnaðarhætti, skilaði fróðlegum og gagnlegum upplýsingum, en þær rannsóknir voru framkvæmdar fyrir 25-28 árum síðan.

Árnefnd hefur skoðað möguleikana á að sækja um styrk frá Fiskræktarsjóði og mun það verða eitt af verkefnum árnefndar á árinu 2023 að útfæra rannsóknaráætlun og vinna að umsókn þess efnis.

Fylgiskjöl:

1. Vegamál við Laxá í Laxárdal ágúst 2022
2. Ástand skilta við vegi og veiðistaði - Laxá í Laxárdal ágúst 2022

Samantekt þessa unnu þeir: Ingólfur Jóhannesson, Valdimar Hilmarsson og Örn Viðar Skúlason.

1. Viðauki um vegamál

Vegamál í Laxárdal – samantekt í ágúst 2022

Stutt lýsing á ástandi vega að veiðistöðum í Laxárdal og tillögur um lagfæringar til að bæta aðgengi veiðimanna að ánni.

Almennt séð er stór hluti vega í Laxárdal í góðu ástandi og almennt aðgengi að veiðistöðum gott. Á því eru þó nokkrar undantekningar, þar sem vert væri að huga að umbótum.

- Vegur á svæði 1, þ.e. inn að Laugum (innsti þriðjungur vegarins)
- Slóðar á svæði 2, s.s. inn að Grjótabakka og Geitanef
- Vegur á svæði 3, þ.e. vegurinn inna að Nónvík (innsti fimmtungur vegarins)
- Svæði 5, þ.e. vegur um Halldórsstaðahólma – frá Sláttur að Birningsstaðaei
- Svæði 6, bæði vegurinn niður að Hagabakka og svo frá Ljótstöðum að Varastaðahólma.

Vegi ætti almennt að byggja þannig upp að veiðimenn á jeppum eða jepplingum komist á alla veiðistaði og veiðimenn á fólkbílum komist víða.

Vegir og slóðar:


- Almennt í lagi:
- Þarfnast lagfæringa:
- Mikilvægt að ráðast í lagfæringar:


Grænt


Gult


Rautt


<u>Austurbakkinn</u>	<u>Vesturbakkinn</u>
Svæði 1 Presthólmi – Laugaeyjar/ Presthvammslaug Kafli við Heygarðsnes (Drullupittur) Laugarbakki – Presthólmi	Svæði 4 Bílastæði við veg til að bæta aðgengi að Birningsstaðafloa
Svæði 2 Geitanef Grótbakki Bárnavík (loka fyrir akstur niður að ánni)	Svæði 5 Við Halldórsstaðahólma þ.e. frá Sláttur - Birningsstaðaei Þverárhólmar / Pollnestá
Svæði 3 Ljótstaðabakki – Vaðpollur Vaðpollur - Nónvík	Svæði 6 Hagabakki / Auðnahólmi Ljótstaðir - Varastaðahólmi














5.9.2022 / Örn Viðar Skúlason

2 Viðauk um ástand skilta

Skilti í Laxárdal Austanmeginn

		Staðsetning		Ástand skilta		Þörf	Ekki þörf á skilti
Veiðistaður		Við veg	Við á	Í lagi	Laga	Vantar	
Sv 1	Eiríkseyja						x
Sv 1	Kletteyjar						x
Sv 1	Kvígildisauga						x
Sv 1	Helley						x
Sv 1	Ytri-Straumey						x
Sv 1	Syðri Straumey						x
Sv 1	Straumeyjarbakki						x
Sv 1	Presthvammsbakki		Bæta við			x	
Sv 1	Presthvammslaug		Bæta við			x	
Sv 1	Laugaeyjar	Bæta við				x	
Sv 1	Presthólmanes	Bæta við	x	x		x	
Sv 1	Merkjanes						x
Sv 1	Hella	Bæta við	Bæta við			2 x	
Sv 1	Árgilsstaðaflóí austan	Bæta við			x		
Sv 1	Laugarbakki						x
Sv 1	Siggutóttarhellar						x
Sv 1	Mangapollur		Bæta við			x	
Sv 1	Kerlingabakki	x	Bæta við	x		x	
Sv 1	Heygarðsnes	x	Bæta við	x		x	
Sv 1	Rauðhólaeyjarkvísl		Bæta við			x	
Sv 1	Sog austan		x	x			
Sv 1	Álftanef		x	x			
Sv 1	Bakkahorn		x	x			
Sv 1	Birningsstaðaflóí austan						x
Sv 2	Flóavað		Bæta við			x	
Sv 2	Strákáll	Bæta við				x	
Sv 2	Kletthólmi		x	x			
Sv 2	Geitanef	x		x			
Sv 2	Ytribakki						x
Sv 2	Forvaði		Bæta við			x	
Sv 2	Syðribakki						x
Sv 2	Grjótbakki	x	Bæta við	x		x	
Sv 2	Nafarbakki						x
Sv 2	Nafavað	x	Bæta við			x	
Sv 2	Nafarhólmi						x
Sv 2	Slæða austan	x		x			
Sv 2	Markhólmbakki						x
Sv 2	Markhólmi						x
Sv 2	Ystibakki		x	x			
Sv 2	Bárnavík		x	x			
Sv 2	Bárnavíkurbakki	x					
Sv 2	Vítisbakkar						x
Sv 2	Víðir						x

Sv 3	Djúpidráttur austan		x	x			
Sv 3	Pollhvammur		x		x		
Sv 3	Hamarsbakki		Bæta við			x	
Sv 3	Auðnabakki						x
Sv 3	Nestá	x			x		
Sv 3	Ferjuflói austan		x		x		
Sv 3	Stekkjarpollur		x	x			
Sv 3	Hjallsendabakki		x	x			
Sv 3	Húsapollar	x		x			
Sv 3	Ljósstaðabakki						x
Sv 3	Syðstibakki						x
Sv 3	Hamarsnes	x		x			
Sv 3	Vaðpollur		x	x			
Sv 3	Nónvík		x	x			
57 veiðistaðir			19	4	17	22	

laga við afleggjara

Skilti í Laxárdal

Vestanmeginn

Veiðistaður	Staðsetning		Ástand skilta		Þörf	
	Við veg	Við á	Í lagi	Laga	Vantar	Ekki þörf á skilti
Sv 4	Gljúfravað					x
Sv 4	Gljúfraeyri					x
Sv 4	Ytri Straumeyjarkvísl					x
Sv 4	Hólar					x
Sv 4	Þripollar	x		x		
Sv 4	Ytri-Laughvammur	x		x		x
Sv 4	Syðir Laughvammur	x		x		x
Sv 4	Bæjarpollur	Bæta við			x	
Sv 4	Arnabæli	Bæta við			x	
Sv 4	Árgilsstaðafló vestan	x		x		
Sv 4	Ystibakki		x			
Sv 4	Miðbakkanef		x			
Sv 4	Miðbakki	x	Bæta við	x	x	
Sv 4	Syðstibakki		x	x		
Sv 4	Sög vestan		x	x		
Sv 4	Stekkjarvík					x
Sv 4	Ullarnef	Bæta við	Bæta við		2 x	
Sv 4	Ytra-vað	Bæta við	Bæta við		2 x	
Sv 4	Birningsstaðafló vestan					x
Sv 5	Birningsstaðey					x
Sv 5	Ystipartur		x	x		
Sv 5	Nautatangi		x	x		
Sv 5	Suðatangi		Bæta við		x	
Sv 5	Sláttur		Bæta við		x	
Sv 5	Svífabakki		Bæta við		x	
Sv 5	Háahraunsbakki					x
Sv 5	Síkisbakki					x
Sv 5	Kringlubakki					x
Sv 5	Kringla	x		x		
Sv 5	Nöf					x
Sv 5	Slæða vestan	x		x		
Sv 5	Kreppuvík		x	x		
Sv 5	Pollnestá		x	x		
Sv 5	Pollnesáll		x	x		
Sv 5	Þverárhólmar	x		x		
Sv 5	Stekkjarnef		x	x		
Sv 5	Syðstihólmi					x

Sv 6	Djúpidráttur vestan	x	x	x				
Sv 6	Grjótbakki		Bæta við			x		
Sv 6	Jóelsbakki	x	Bæta við	x		x		
Sv 6	Merkivík		x	x				
Sv 6	Flúðir	Bæta við	x	x		x		Mætti vera Flúðir/Slátta
Sv 6	Slátta		x	x				
Sv 6	Háahraun	x		x				
Sv 6	Hagakill							x
Sv 6	Hagabakki		Bæta við			x		
Sv 6	Auðnahólmi	x		x				
Sv 6	Hádegisvað	Bæta við	x	x		x		
Sv 6	Ferjuflói vestan		x	x				
Sv 6	Skútar							x
Sv 6	Nauteyri		x	x				
Sv 6	Ytri Eyri		Bæta við			x		
Sv 6	Syðri Eyri		x	x				
Sv 6	Beygja		x	x				
Sv 6	Merkjapollar		Bæta við			x		
Sv 6	Ljótstaðaeypri							x
Sv 6	Girðingarpollur		Bæta við			x		
Sv 6	Kofabrotspollar		Bæta við			x		
Sv 6	Garðsendapollar		x	x				
Sv 6	Hvithólpollar							x
Sv 6	Geirabakki							x
Sv 6	Grundará		x	x				
Sv 6	Atlavík	Bæta við	Bæta við			2 x		
Sv 6	Djúpasvíf		x	x				
Sv 6	Varastaðahólmi	Bæta við				x		Pyrfti að merkja vað
Sv 6	Æsufit		Bæta við			x		
66 veiðistaðir			25	6	23	19		

	Í lagi	Laga	Vantar	Ekki þörf á skilti
Austan megin	19	4	17	22
Vestan megin	25	6	23	19
Samtals	44	10	40	41

Heimild: Hrafn, Óli og Ásgeir
Samantekt Örn Viðar